



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 27/2014

um staðsetningu bréfabassa í dreifbýli

I.

Erindið og málsmeðferð

1.

Með tölvupósti, dags. 24. janúar 2014, barst Póst- og fjarskiptastofnun kvörtun frá Önnu Lísu Wium, Giljum 560 Skagafirði, þar sem kvartað var yfir póstdreifingu Íslandspósts (hér eftir ÍSP). Taldi kvartandi að ÍSP bæri að keyra póstsendingum heim að bænum.

Erindi kvartanda var sent ÍSP til umsagnar með bréfi, dags. 24. janúar 2014, og fyrirtækinu gefinn kostur á að tjá sig um efni kvörtunarinnar.

2.

Svar ÍSP, barst þann 30. janúar 2014. Í bréfi ÍSP kom fram að fyrirtækið hafi verið í samskiptum við kvartanda um mögulega staðsetningu bréfabassa. Í samtali þann 10. janúar hafi m.a. komið fram ósk um að bréfabassi yrði staðsettur við pípuhlið ekki langt frá bænum Litlu Hlíð. Aðrir möguleikar hefðu einnig verið ræddir, t.d. hvort að það hentaði að fá póst borinn út annað, eins og ábúandi hafi fengið í mörg ár endurgjaldslaust. Jafnframt kom fram að ÍSP myndi samþykkja að bréfabassi yrði settur við áðurnefnt pípuhlið.

Síðan segir:

„Ein ástæða þess að málið tafðist er að bærinn er staðsettur inn á fjallvegi. Því kom upp spurning hvort og hvernig þjónusta ætti íbúa og hvort um ákveðin ómöguleika væri að ræða í stöðinni. Giljar eru staðsettir í Skagafirði, við veg F752 sem er fjallvegurinn upp á Sprengisandsleið. Vegurinn er merktur ófær af Vegagerðinni strax að hausti. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er enginn þjónusta (mokstur) á þessum vegi yfir vetrarmánuðina, en sveitarfélagið (Skagafjörður) sér um mokstur heimreiðar sem er 4,6 km allt að 2 x á ári. Skv. upplýsingum frá sveitarfélaginu er búið að moka 1 sinni í vetur. Vegurinn er að auki fjallvegur og illfær/hægfær yfir vetrartímamann.“

Íslandspóstur getur því ekki ekið þangað yfir vetrartímamann með skráðar sendingar, enda akstur skilyrði ótrygg og munu því skráðar sendingar verða tilkynntar, en reynt verður af fremsta megni að koma þeim til skila eftir því sem við verðu komið í samráði við íbúa.

Undirritaður hefur nú óskað eftir því við landpóst um að setja upp póstkassa við áðurnefnt pípuhlið, það verður framkvæmt í næstu viku (fyrstu viku í febrúar), vonandi telst sú niðurstaða ásættanleg.“

3.

Skýringar ÍSP, dags. 30. janúar 2014 voru sendar kvartanda með tölvupósti, dags. 29. apríl 2014, þar sem PFS reifaði jafnframt það lagaumhverfi sem á reynir í þessu máli, sbr. eftirfarandi:

„Um staðsetningu póstkassa í dreifbýli gildir eftirfarandi ákvæði í reglugerð um alþjónustu nr. 364/2003, nánar tiltekið í 16. gr. reglugerðarinnar.

„Dreifbýli.

Í dreifbýli skal bréfastassi vera staðsettur við eða í húsi ef lengd safnvegjar frá tengivegi eða stofnvegi er ekki lengri en 50 metrar.

Ef vegur er allt að 500 metrar skal bréfastassinn vera staðsettur við vegamót safnvega við tengiveg eða stofnveg. Að jafnaði skal bréfastassi ekki vera staðsettur fjær en 500 metra frá húsi.

Við eftirfarandi aðstæður er heimilt að víkja frá ofangreindu varðandi staðsetningu bréfastassa.

1. Ef tvö eða færri hús eru að meðaltali á hverja 2000 metra safnvegjar eða tengivegar.

2. Ef ekkert vegasamband er við húsið.

3. Þegar viðkomandi hús er staðsett langt utan við almenna byggð.

Þrátt fyrir ofangreint skal að jafnaði fara heim að húsi, þegar afhenda skal skráðar sendingar.“

Eins og aðstæðum er lýst í svari Íslandspósts virðist sem aðstæður á staðnum séu með þeim hætti að staðsetning bréfastassa eigi ekki undir 1. mgr. sem kveður á um að bréfastassi eigi að vera við eða í húsi ef lengd safnvegjar frá tengivegi eða stofnvegi er ekki lengri en 50 metrar. Þá eru einnig líkindi til þess að 500 metrar reglan eigi heldur ekki við eins og aðstæðum er lýst.

Líklegt er því að staðsetningin ákvarðist af einhverjum af þeim undantekningum sem fjallað er um í tölulíðum 1-3.

Eins og fram kemur hér að ofan hefur Íslandspóstur lagt til að bréfastassinn verði staðsettur við pípuhlið. Með hliðsjón af þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir verður ekki séð að umrædd staðsetning sé óeðlileg.

Ef þér teljið að önnur staðsetning sé hentugri út frá ofangreindum réttarheimildum er óskað eftir rökstuðningi þar að lútandi fyrir 13. maí nk. Ef engin svör berast fyrir þann tíma verður litið svo á að fallist hafi verið á tillögu Íslandspósts.“

Þann 21. maí 2014 bárust Póst- og fjarskiptastofnun síðan krafa frá Hjalta Jóhannessyni vegna þess að honum og heimilisfólki hans hafi ekki borist póstur á heimili þeirra að Giljum í Lýtingsstaðahreppi. Í stað þess hafi póstur verið sóttur á póstafgreiðslu á svæðinu. Jafnframt áréttaði kvartandi að sækti hann póst á pósthús eða í annan póstkassa sem ÍSP hefur komið upp fælist engin viðurkenning á því að ÍSP beri ekki skylda til að bera póst út á heimili hans.

Krafa kvartanda er að pósti sé komið til skila á heimili hans eins og annarra íbúa á svæðinu í samræmi við 6. gr. laga um póstpjónustu nr. 19/2002, sbr. einkum b-lið 2. mgr. 6. gr. sbr. 3. mgr. Jafnframt er vísað í reglugerð nr. 364/2003 þar sem segir í 2. tl. 3. gr. að öllum notendum, sem búi við sambærilegar aðstæður, standi til boða samskonar þjónusta og skal hún veitt án mismununar sbr. 3. tl. sömu greinar. Bendir kvartandi á að að allir íbúar í Lýtingsstaðahreppi fái póst borin heim til sín og annar bær í samskonar aðstæðum fái póst sendan heim. Hann er því, að sögn, einn tekin út úr hópi íbúa í Lýtingsstaðahreppi.

ÍSP ber að koma pósti til skila skv. 10. gr. reglugerðarinnar nema það sé verulegum erfiðleikum bundið. Í þeim tilvikum skal rekstrarleyfishafi sækja um undabágu frá því að bera út póstinn til Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. 2. mgr. 10. gr. Kvartandi fær ekki séð að hann hafi haft tækifæri til að taka afstöðu til ákvörðunar ÍSP og telur því málsmeðferðarreglum laganna ekki hafa verið fylgt. Jafnframt hafi ekki verið gætt að reglum 16. gr. reglugerðarinnar við ákvörðun ÍSP og ekki hafi því verið staðið rétt af ákvörðun ÍSP. Kvartandi búi í dreifbýli í Lýtingsstaðahreppi og eigi sama rétt og aðrir íbúar.

Þá felst kvartandi ekki á þær skýringar sem ÍSP setur fram í bréfi sínu dags. 30. janúar 2014, sbr. frekari röksemdir í tölvupósti, dags. 29. apríl 2014. Kvartandi áréttar að hann hafi fengið póst heim til sín áður en svo virðist sem nýr samningur ÍSP og dreifingarmanns sé þess efnis að bærinn sé ekki lengur inni. Heimili kvartanda hafi því verið tekið út úr póstpjónustu einhliða af hálfu ÍSP án frekari viðvarana.

Röksemdir þær sem fram koma í bréfi, dags. 30. janúar 2014 og tölvupósti 29. apríl 2014 koma allt of seint fram og eru ekki eftir þeim málsmeðferðarreglum sem lög nr. 19/2002 og reglugerð nr. 364/2003 gerir ráð fyrir ÍSP hefur í engu fylgt þessum málsmeðferðarreglum þrátt fyrir að vera einkaleyfishafi á póstburði lögum samkvæmt. Tilvísun til 16. gr. reglugerðarinnar er eins og áður greinir, of seint fram komin og ekki hefur verið fylgt málsmeðferðarreglum eins og ÍSP er skylt lögum samkvæmt. Kvörtun um að fá ekki póst borin heim til sín er annars eðlis og í kærumáli þar að lútandi getur ÍSP ekki bætt úr þeim annmörkum sem þegar hafa orðið á málsmeðferð og ákvörðun í málinu.

Kvartandi hafnar því með öllu að samskipti í síma hafi verið þess efnis sem ÍSP tilgreinir í bréfi sínu dags. 30. janúar 2014 og áréttar að hann og heimilisfólk hans hafi alltaf krafist þess að pósturinn yrði borin heim til hans.

Gerir kvartandi þá kröfu að ákvörðun ÍSP um að hætta að bera út póst til umbjóðanda míns og heimilisfólk hans verði úrskurðað ólöglegt og ÍSP verði gert skylt að bera út póst til hans eins og á stendur.

II. Niðurstaða

1.

Kröfugerð

Af gögnum málsins verður ráðið að kvartandi og heimilisfólk hans sæki nú póstsendingar í póstafréiðslu á svæðinu en gerir þá kröfu að póstur verði borin á heimili að Giljum í Lýtingsstaðahreppi. ÍSP hefur á hinn bóginn sett upp bréfastöð til móttöku á póstsendingum við veg F752 sem er fjallvegur upp á Sprengisandsleið.

2.

Um málsmeðferð og samskipti við ábúendur

Þegar um er að ræða ágreining um staðsetningu bréfastöð gilda tiltekin formskilyrði um hvernig skuli leysa úr slíkum ágreiningi. Annar vegar ber ÍSP að ná samkomulagi við notanda um staðsetningu bréfastöðsins og hins vegar, ef ekki næst samkomulag, að fá skriflegan rökstuðning ÍSP, sem síðan má bera upp við PFS til staðfestingar eða synjunar, áður en til framkvæmdar kemur.

Í máli þessu er ekki tiltæk nein skrifleg gögn um samskipti ÍSP við kvartanda, áður en sjónarmið ÍSP eru kynnt kvartanda við málsmeðferð þessa máls. Kvartandi hefur mótmælt efni þeirra samskipta sem ÍSP vísar til í bréfi sínu, dags. 30. janúar 2014. Í ljósi þessa verður ekki hjá því komist að efni þeirra samskipta séu ósönnuð. Ennfremur telur PFS að ÍSP hafi ekki verið heimilt að koma upp bréfastöðum, án þess að framangreindri málsmeðferð væri fylgt.

Á hinn bóginn telur PFS að annmarkar ÍSP við að uppfylla framangreind formskilyrði leiði ekki til þess að ÍSP geti, til framtíðar litið, fengið samþykki PFS fyrir staðsetningu bréfastöðsins í samræmi við lög og reglur, samkvæmt ákvörðun þessari.

Að sama skapi leiðir þessi annmarki, þ.e að þessi samskipti ÍSP virðast ekki vera nægjanlega skjöluð, ekki til þess að heimilisfólk að Giljum öðlist rétt til að fá póstsendingar bornar heim að Giljum, sbr. umfjöllun í köflum 3 og 4.

3.

Um útburð á póstsendingum

Samkvæmt 21. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002, skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að alls staðar á landinu sé alla virka daga borinn út póstur sem fellur undir skilgreiningu á alþjónustu nema kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður hindri slíkt. Þá hefur samgönguráðherra sett reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu nr. 364/2003, þar sem nánar er kveðið á um réttindi og skyldur neytenda og ÍSP sem og hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar. Í 10. gr. er fjallað um útburð á póstsendingum ásamt því að hugtökin kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hafa verið skýrð nánar, en ákvæðið hljóðar svo:

„Rekstrarleyfishafi, sem fengið hefur leyfi til að starfrækja pósthjónustu sem fellur undir alþjónustu og á hafa verið lagðar kvaðir samkvæmt rekstrarleyfi um að veita alþjónustu á landinu eða á ákveðnu svæði, skal bera út póst alla virka daga til heimila og fyrirtækja á landinu öllu eða á viðkomandi svæði eftir því sem við á.

Telji rekstrarleyfishafi að kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður valdi því að útburður pósts alla virka daga sé verulegum erfiðleikum bundinn á tilteknum stöðum er honum heimilt

að senda Póst- og fjarskiptastofnun rökstudda umsókn um undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. Við mat sitt á umsókninni skal Póst- og fjarskiptastofnun taka tillit til annars vegar mikilvægi pósthjónustu fyrir þá aðila sem í hlut eiga og hins vegar erfiðleika og kostnað við útburð, svo sem vegna fjarlægðar eða lélegs vegasambands. Ekki er skylda til að bera út póst í sumarhús eða á svæðum sem teljast til hálendis.“

Meginreglan samkvæmt ofangreindum réttarheimildum er að skylda ÍSP nær til þess að bera út póst til allra heimila og fyrirtækja alls staðar á landinu. Á sama hátt er það réttur móttakanda að fá bornar út til sín póstsendingar á hverjum degi. Þessi meginregla er hins vegar ekki án undantekninga. Þannig er skýrt kveðið á um að hægt sé að takmarka þennan rétt móttakanda og að Póst- og fjarskiptastofnun geti veitt rekstrarleyfishafa undanþágu frá skyldu til að bera út póst alla virka daga á tilteknum stöðum.

Eins og ofangreind umfjöllun ber með sér er hér verið að tala um fjölda dreifingardaga og heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til að gefa rekstrarleyfishafa undanþágu frá tíðni dreifingar. Útburðartíðni í Lýtingsstaðarhreppi fer í dag eftir meginreglu 21. gr. laga um pósthjónustu, sbr. 10. gr. reglugerðar um alþjónustu, en engar undanþágur frá þessum ákvæðum hafa verið veittar af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar á þessu svæði. Tilvísanir kvartanda til þessara ákvæða eiga því ekki við eins og atvikum málsins er háttað.

4.

Staðsetning bréfkassa

Með tölvupósti PFS dags. 29. apríl 2014, var bréf ÍSP send kvartendum til umsagnar jafnframt sem gerð var grein fyrir þeim réttarheimildum sem gilda um staðsetningu bréfkassa í dreifbýli og þeir beðnir um að benda á einhverja aðra hentuga staðsetningu. Engar athugasemdir bárust við þá staðsetningu sem ÍSP lagði til og verður því að miða við að því gefnu að staðsetningin sé í samræmi við þær reglur sem gilda um staðsetningu bréfkassa í dreifbýli, að kvartandi geri ekki athugasemdir við hana.

Póst- og fjarskiptastofnun mun því einungis taka afstöðu til þess hvort að sú staðsetning bréfkassa sem ÍSP leggur til og þjóna á Giljum, sé í samræmi við 16. gr. reglugerðar um alþjónustu, nr. 364/2003 og þá um leið hvort sú þjónusta sé í samræmi lög um pósthjónustu nr. 19/2002, t.d. ákvæði 6. gr. um alþjónustu sem vísað er til í greinargerð kvartanda.

Lengi hefur tíðkast við bréfadreifingu í dreifbýli að bréfkassar séu staðsettir þar sem heimreiðar tengjast þjóðvegakerfinu, við gatnamót ýmiskonar eða annars staðar þar sem hentugt þykir að þeir séu settir niður miðað við aðstæður á hverjum stað, s.s. fjarlægðir, fjölda íbúðarhúsa o. fl. Íbúar bera síðan ábyrgð á að tæma bréfkassana.

Í reglugerð um pósthjónustu nr. 161/1990, sem sett var á grundvelli 38. gr. póstlaga nr. 33/1986, var fjallað um útburð í dreifbýli með eftirfarandi hætti í greinum 4.5.4.6., 4.5.4.7 og 4.5.4.8:

„Þar sem bifreiðar eru notaðar við útburð pósts skal setja upp kassa við vegamót eða girðingarhlið og skulu slíkir kassar staðsettir þannig, að auðvelt sé að skila pósti í þá án þess að stíga þurfi út úr bifreiðinni. Þar sem heimreið er sameiginleg fyrir fleiri en eitt heimili (margbýli) skulu kassarnir settir upp hlið við hlið. Slíkir póstkassar mega ekki vera rauðir að lit, en að öðru leyti gilda um þá sömu reglur og um aðra einkapóstkassa. Láti húseigandi undir höfuð leggjast að setja upp bréfarífu eða póstkassa skal póstmeistari eða stöðvastjóri tilkynna í ábyrgðarbréfi tiltekinn frest til uppsetningar.“

Hlýði húseigandi ekki fyrirmælum þessum innan hins tiltekna frests, og færi hann ekki fram gildar ástæður fyrir því, tekur póst- og símamálastofnunin ákvörðun um, hvort útburði til hússins skuli hætta eða hvort ákvæðum skv. 36. gr. póstlaga skuli beitt, þ.e. viðtakandi tekinn úr póstsambandi.“

Á árinu 1996 voru sett lög nr. 142/1996 um póstþjónustu, í framhaldinu var sett ný reglugerð nr. 505/1997, um grunnpóstþjónustu, í 7. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar var eftirfarandi ákvæði þar sem fjallað var um útburð með bifreiðum:

„Þar sem bifreiðar eru notaðar við útburð póstskrá skal setja upp kassa við vegamót eða girðingarhlið og skulu slíkir kassar staðsettir þannig að auðvelt sé að láta í þá póstsendingar án þess að stíga þurfi út úr bifreiðinni. Þar sem heimreið er sameiginleg fyrir fleiri en eitt heimili (margbýli) skulu kassarnir settir upp hlið við hlið. Um þá gilda að öðru leyti sömu reglur og um aðra bréfastöð.“

Í úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 2/2002, reyndi á gildissvið 7. mgr. og þá um leið skilin á milli útburðar í þéttbýli og dreifbýli. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu m.a með hliðsjón af jafnræðisreglu laganna um að öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður sé boðinn eins þjónusta þyrftu að koma til mun skýrari og afdráttalausari ákvæði í lögum og/eða reglugerðum svo hægt væri að neita sóknarðaðila málsins um að póstur sem merktur væri með heimilisfangi sé borinn út og hann settur í póstkassa eða inn um lúgu á heimilinu.

Í framhaldi af niðurstöðu úrskurðarnefndar í ofangreindu máli var sett reglugerð um alþjónustu nr. 364/2003 þar sem kveðið var á með skýrum hætti í 16. gr. reglugerðarinnar hvernig standa skyldi að ákvörðunum um staðsetningu bréfastöðva í þéttbýli og hvaða sjónarmið leggja skyldi til grundvallar við val á staðsetningu bréfastöðva. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Hús í merkingu þessarar greinar tekur til íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis.

Skilgreiningar vegalaga á þjóðvegum gilda eftir því sem við á.

Við val á staðsetningu bréfastöðva skal eftirfarandi lagt til grundvallar:

Þéttbýli.

Í þéttbýli skal bréfastöðva vera staðsettir við eða í húsi.

Þéttbýli er þegar að lágmarki 50 íbúar búa á svæði, þar sem almennt er ekki meira en 50 metra fjarlægð á milli húsa.

Dreifbýli.

Í dreifbýli skal bréfastöðva vera staðsettir við eða í húsi ef lengd safnvegar frá tengivegi eða stofnvegi er ekki lengri en 50 metrar.

Ef vegur er allt að 500 metrar skal bréfastöðva vera staðsettir við vegamót safnvega við tengiveg eða stofnveg. Að jafnaði skal bréfastöðva ekki vera staðsettir fjær en 500 metra frá húsi.

Við eftirfarandi aðstæður er heimilt að víkja frá ofangreindu varðandi staðsetningu bréfastöðva.

1. Ef tvö eða færri hús eru að meðaltali á hverja 2000 metra safnvegur eða tengivegur.

2. Ef ekkert vegasamband er við húsið.

3. Þegar viðkomandi hús er staðsett langt utan við almenna byggð.

Þrátt fyrir ofangreint skal að jafnaði fara heim að húsi, þegar afhenda skal skráðar sendingar.

Hliðstæðar reglur um staðsetningu bréfa kassa eru í gildi í nokkrum Evrópulöndum sem búa við sama lagaumhverfi og er hér á landi varðandi réttindi og skyldur alþjónustuveitenda sem og notenda þjónustunnar.

Eins og aðstæðum er lýst í gögnum málsins verður að ætla að staðsetningin sé ákvörðuð út frá þeim undantekningum sem fram koma í 3. töl., þ.e. þegar viðkomandi hús er staðsett langt utan við almenna byggð.

Þá verður einnig að líta til þess að ákvæði gerir ráð fyrir því að fara skuli heim að húsi þegar afhenda skal skráðar sendingar. Skráðar sendingar eru t.d. ábyrgðarsendingar, böggjar, tryggðar sendingar og fjármunasendingar. Ekki er því almennt gert ráð fyrir því að þær póstsendingar sem settar eru í bréfa kassa feli í sér nein fjárhagsleg verðmæti, sbr. einnig 4. mgr. 33. gr. laga um pósthjónustu, þar sem fram kemur að póstsendingar aðrar en ábyrgðarsendingar og tryggðar sendingar megi ekki innihalda peningaseðla, mynt eða neins konar verðskjöla á handhafa, dýra málma, skartgripa eða hliðstæð verðmæti. Í samræmi við þetta þá ber ÍSP að fara með allar skráðar sendingar heim að Giljum, svo framarlega sem heimreið er fær.

Samkvæmt ofangreindu hefur ÍSP heimild á grundvelli 16. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 364/2003 til að staðsetja bréfa kassana við veg F752 sem er fjallvegurinn upp á Sprengisandsleið.

5.

Um jafnræði

Almennt má segja að með lögum um pósthjónustu nr. 19/2002 sem og í reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu nr. 364/2003, sé ÍSP veitt nokkurt svigrúm til að móta þjónustu fyrirtækisins innan ákveðinna marka. Sú vísiregla er gefin í b lið 2. mgr. 6. gr. laganna „*ad öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður sé boðin eins þjónusta*“. Hvenær aðstaða manna sé hins vegar sambærileg ræðst að aðstæðum í hverju máli fyrir sig og þeim lögum og reglum sem sett hafa verið og ætlað er að taka á þeim markatilvikum sem um ræðir.

Ef setningin er brotin niður þá má skipta henni í tvennt: Í fyrsta lagi er talað um alla „...notendur...“, samkvæmt orðanna hljóðan verður hugtakið ekki skilið öðru vísi en hér sé átt við alla notendur pósthjónustu hér á landi og þá án tillits til þess hvar þeir búa á landinu. Í öðru lagi er talað um notendur „...sem búa við sambærilegar aðstæður.“ Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar er ekki hægt að skilja þessi orð á þann hátt að allir eigi að fá nákvæmlega sömu þjónustuna og skiptir þá engu máli hvort verið er að tala um tíðni dreifingar, aðgang að afgreiðslustað eða afhendingarstað bréfa, hvort sem um er að ræða afhendingu í bréfa kassa, inn um lúgu á húsi eða annan þann afhendingarstað sem viðtakendur og rekstrarleyfishafa semja um, sbr. 16. gr. reglugerðar um alþjónustu. Með öðrum orðum ÍSP verður ekki krafinn um þjónustu sem fellur innan marka alþjónustu án þess að tekið sé mið af aðstæðum í hverju einstöku tilfelli þ.á.m. kostnaði. Í úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 11/2006, komst nefndin svo að orði að „*Íslenskir landshættir gera það að verkum að erfðara er að þjónusta suma hópa en aðra og gert er ráð fyrir að landfræðilegar aðstæður geti haft áhrif á þá þjónustu sem rekstrarleyfishöfum er skylt að veita*.“ Í úrskurði nefndarinnar varðandi lokun afgreiðslustaðar að Laugum, nr. 7/2008 var m.a vikið að því að það væri varla réttlætlanlegt út frá viðskiptalegu sjónarmiði að halda rekstri áfram í óbreyttri mynd. Það er því afstaða PFS að með uppsetningu bréfa kassa á þeim stað sem hér um ræðir hafi ÍSP ekki brotið gegn ákvæðum 6. gr. laga um pósthjónustu eins og kvartandi heldur fram.

Hvað varðar þær athugasemdir kvartanda um að annar bær í samskonar aðstæðum fái póst sendan heim að þá telur PFS að ÍSP verði að hafa svigrúm til að endurskoða þjónustu við einstaka bæi í dreifbýli, endurskoða staðsetningu bréfabakassa, eða eftir atvikum koma upp bréfabakössum þar sem þeir hafi ekki verið áður, eftir atvikum í samráði við notendur, með hliðsjón af þeim reglum sem settar hafa verið af þar til bærum stjórnvöldum. Hugsanlegt er að það geti í sumum tilvikum valdið því að einstakir notendur, sem búa við sambærilegar aðstæður, fái tímabundið ekki sömu þjónustu ef t.d. litið er til þeirrar vegalengdar sem viðkomandi þurfa að fara til að nálgast póstsendingar sem afhendar eru í bréfabakassa. Í flestum tilvikum ætti þó að vera um tímabundið ástand að ræða.

Varðandi staðsetningu bréfabakassa er jafnræði notenda pósthjónustu, þ.m.t. á einstökum svæðum, fyrst og fremst tryggt með því að fylgt sé reglugerð um alþjónustu nr. 364/2003 en um 6000 móttakendur póst í dreifbýli hér á landi fá afhendan póst í bréfabakassa, sem í flestum tilvikum eru staðsettir nokkuð frá þeim íbúðarhúsum sem viðkomandi býr í, allt eftir aðstæðum á hverjum stað.

Með vísun til ofangreinds hafnar Póst- og fjarskiptastofnun því að jafnræðisregla laga um pósthjónustu hafi verið brotin í málinu.

Ákvörðunarorð

Hafnað er þeirri kröfu kvartanda að Íslandspósti sé skylt að bera út póst heim til kvartanda og heimilisfólks hans að Giljum í Lýtingsstaðahreppi.

Staðsetning bréfabakassa fyrir Giljar við veg F752 sem er fjallvegurinn upp á Sprengisandsleið er í samræmi við þær meginreglur sem fram koma í 16. gr. reglugerðar um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu nr. 364/2003.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 14. nóvember 2014

Hrafnkell V. Gíslason

Friðrik Pétursson